



Bergrós við verðlaunafhendinguna ásamt Guðbjörgu Valdimarsdóttur (t.h) og Helenu Pétursdóttur. Ljósmynd/Berglind Hafsteinsdóttir.

Þrír sunnlenskir Íslandsmeistarar í CrossFit

Selfyssingurinn Bergrós Björnsdóttir tryggði sér örugglega Íslandsmeistaratitilinn í CrossFit kvenna síðasta laugardag. Var þetta í fyrsta sinn sem Bergrós keppti í kvennaflokki, enda langyngst, en hún er aðeins 16 ára gömul.

Bergrós sigraði í fjórum greinum af sjö, eftir magnaða frammistöðu en Hvergerðingur-

inn Guðbjörg Valdimarsdóttir úr CrossFit Hengli, Íslandsmeistari síðasta árs, sótti fast á hæla hennar og endaði í öðru sæti. Guðbjörg stóð sig frábærlega, fór aldrei neðar en í fjórða sæti í hverri grein og sigraði í einni.

Sunnlendingarnir sem tóku þátt á mótinu gáfu öðrum ekkert eftir í keppninni en Jón Þorri Jónsson, CrossFit Selfoss, varð

Íslandsmeistari þegar hann fór með öruggan sigur í flokki 14-16 ára eftir að hafa sigrað í fjórum af fimm greinum í flokknum. Selfyssingurinn Anna Dóra Ágústsdóttir, CrossFit Hengli, varð Íslandsmeistari í kvennaflokki 50+ og Stokkseyringurinn Henning Jónasson, Afrek Fitness, varð í 2.-3. sæti í karlaflokki 40-49 ára. HGL



Bjarni Haukur Guðnason, Einar Björnsson, Anna Stella Eyþórsdóttir og Sunna Mjöll Caird taka vel á móti gestum í Eldhúsinu. Ljósmynd: Dagskráin/HGL

Mömmumatur tekur við rekstri Eldhússins

Eldhúsið, hádegisverðarstaður við Tryggvagötu 40 á Selfossi, sem hjónin Katharina Sibylla Snorraddóttir og Eggert Smári Eggertsson hafa rekið farsællaga frá því í febrúar árið 2013, hefur fengið nýja rekstraraðila.

Hjónin Einar Björnsson og Anna Stella Eyþórsdóttir, sem rekið hafa Mömmumat í Hvíta húsinu á Selfossi frá árinu 2018, eru hinir nýju rekstraraðilar Eldhússins. Áfram

verður boðið upp á veglegt hádegisverðarhlaðborð á báðum stöðum, en í Eldhúsinu verður áhersla lögð á hollan og góðan mat. Alla daga verður boðið upp á fisk, kjúkling og súpu, ásamt fjölbreyttu úrvali af pata, grænmeti og salati, þar sem hollur kostur verður í fyrirrúmi.

Eldhúsið, sem opnaði dyr sínar fyrir viðskiptavinum sl. mánudag, verður opið alla vika daga á milli kl. 11-14. HGL



Arctic Adventures keypti Kerið

Arctic Adventures hefur áfest kaup á öllu hlutafé í Kerfélaginu en Ólafur Magnússon, Ásgeir Bolli Kristinsson, Sigurður Gísli og Jón Pálmasynir seldu hver sinn fjórðungshlut í félaginu.

Helsta eign félagsins er

Kerið í Grímsnesi, sem hefur lengi verið vinsæll áningarstaður ferðamanna, rómað fyrir náttúrufrægur og jarðfræðilega sögu. Í tilkynningu frá Arctic Adventures segist Ásgeir Baldurs forstjóri fagna því að hafa náð samningum og að góðir mögu-

leikar séu á frekari uppbyggingu við svæðið. Þar verði að vanda til verka á meðan náttúruvernd verði í hávegum höfð, enda eigi Arctic Adventures allt undir þegar kemur að náttúruvernd og skiptir góð umgengni um náttúruna þau gríðarlega miklu máli. HGL

Fáðu
fagmann
í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Toyota
Selfossi

FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



Rúmar fjórar milljónir söfnuðust í Bleika boðinu

Krabbameinsfélag Árnessýslu hélt hinn árlega fjáröflunarviðburð, Bleika Boðið föstudaginn 6. október sl. á Hótel Selfossi. Veitingar voru í boði Tómasar Þóroddssonar veitingamanns, fordrykkur frá Víðifell, gjafapokar frá Lindex voru fyrir fyrstu hundað konurnar og fyrstu fimmtíu karlmennirnir fengu einnig gjafapoka með gjöfum frá ýmsum verslunum. Húsfyllir var á Hótelinu og voru skipuleggjendur sammála um að virkilega vel hafi heppnast til.

Var þetta í fimmta sinn sem Bleika Boðið var haldið en viðburðurinn hefur fest sig í sessi sem einn helsti fjáröflunarliður félagsins. Fjáröflunin snýr að sölu happdrættismiða þar sem fjöldi fyrirtækja, verslana og listamanna hafa gefið vinninga og var hver vinningurinn öðrum glæsilegri. Einnig er venjan að bjóða upp skartgripum sem verslunin Karl úrsmiður gefur, hóteltistingar og málverk eftir þekktu íslenska listmálara. Vert er að taka fram að listamenn

kvöldsins, sem að þessu sinni voru Elisa Dagmar söngkona, Ebba Sig leikkona og uppistandari, Gunnar Ólason söngvari og Leifur Viðarsson bassaleikari gáfu öll vinnu sína til félagsins. Gabriel Werner sá um veislustjórn og skilaði því verkefni einkar vel frá sér.

Svanhildur Ólafsdóttir formaður félagsins segir það vera einstakt að búa í samfélagi þar sem slík samstaða og samhugur ríkir um málefni sem snertir okkur öll á einn eða annan hátt. Það gefur starfsemi félagsins byr undir báða vængi að finna fyrir slíkum stuðningi eins og sést í Bleika Boðinu, þar sem allir eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum, koma saman, gleðjast og njóta samverunnar á góðri kvöldstund. Bleika Boðið verður ekki að veruleika nema með hjálp fjölmargra aðila og vill félagið færa Hótel Selfoss sérstakar þakkir fyrir að hýsa viðburðinn félaginu að kostnaðarlausu.

Upphæðinni, rúmum fjórum

milljónum sem safnaðist þetta kvöld verður varið í áframhaldandi uppbyggingu á fjölbreyttri þjónustu við einstaklinga sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur þeirra. Félagið er eingöngu rekið af styrkjum og framlögum einstaklinga og fyrirtækja og upphæð sem þessi veitir tækifæri til að efla starfsemina enn frekar og styðja enn betur við fólk sem er eða hefur tekist á við krabbamein.

Krabbameinsfélag Árnessýslu þakkar öllum þeim fjölmörgu einstaklingum og fyrirtækjum sem veittu aðstoð og styrki til að viðburðurinn gæti orðið að veruleika. Öllum þeim rúmlega fjögur hundruð gestum Bleika Boðsins eru einnig færðar bestu þakkir fyrir samveruna og þeirra framlag til félagsins.

Sjáumst að ári í Bleika Boðinu.

Svanhildur Ólafsdóttir, formaður Krabbameinsfélags Árnessýslu



Eyravegur 51
800 Selfoss
Sími 590-6996

ADALSKOÐUN

Þökkum frábærar viðtökur fyrsta árið okkar á Selfossi!

Afmælistilboð
15% afsláttur af aðalskoðun dagana 19. - 31. okt





KÓTELETTU KVÖLD Í ÞINGBORG 2023

Hið stór skemmtilega kótelettukvöld verður haldið á vetrardaginn fyrsta í Þingborg, laugardagskvöldið 28. október nk.

Húsið verður opnað kl. 19.30. Hátíðin sett kl. 20.00

Allur ágóði rennur til Flóamannabókar, Villingaholtshreppurinn er næstur.

Miðaverð 8.000 kr.

Miða og borðapantanir hjá eftirtöldum aðilum:
Guðrún Tryggvadóttir - s. 894 4448 - grenigrund@islandia.is
Sigmundur Stefánsson - s. 898 6476 - sigmundurstef@gmail.com
Aðalsteinn Sveinsson - s. 860 7714 - adalsteinnkolsholti@gmail.com

VERTU MEÐ, PANTAÐU MIÐA!

Skemmtidagskrá

Borðhald:

- Við borðum kótelettur í raspi ásamt tilheyrandi meðlæti (þökk sé íslenska bóndanum).
- Eftirréttur Kjörís og kaffi.
- Gos, rautt og hvítt og bjór er selt af bar.

Skemmtidagskrá:

- Guðni Ágústsson veislustjóri
- Karlaórin Öðlingarnir úr Rangárvallasýslu syngja undir stjórn Guðjóns Halldórs Óskarssonar
- Happdrætti aldarinnar!



Frábærir happdrættisvinningar!





FRAMKVÆMDA-DAGAR

19.-25. október

3 FYRIR 2
AF ALLRI
INNIMÁLNINGU

ÞÚ FÆRÐ 3 DÓSIR EN
GREIÐIR ADEINS
FYRIR 2 DÝRUSTU

-20%
AF ÖLLUM
BLÁUM BOSCH
VERKFÆRUM

-25%
AF ÖLLUM
PLASTKÖSSUM

-25%
AF ÖLLUM
STÁLVÖSKUM

-25%
AF ÖLLUM
HERHOLZ
INNIHURÐUM

-25%
AF ÖLLUM BAÐ-
INNRETTINGUM

-25%
AF ÖLLU
HARÐPARKETI

-30%
AF ÖLLUM
PLASTHÚÐUÐUM
PILJUM

-25%
AF ÖLLUM
SALERNUM

-25%
AF ÖLLUM
HÁPRYSTI-
DÆLUM

-25%
AF ÖLLUM
STURTUÞILUM

-25%
AF ÖLLUM
STURTUKLEFUM

-30%
AF ÖLLUM JKE
INNRETTINGUM

-25%
AF ÖLLU
VIÐARPARKETI

-30%
AF ÖLLUM
FLÍSUM

-25%
AF ÖLLUM
RAFMAGNS-
VERKFÆRUM*

-20%
AF ÖLLUM
SNICKERS
VINNUFÖTUM

*gildir ekki af bláum Bosch

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Seljavallalaug 100 ára

Upphafið að sundkennslu og byggingu Seljavallalaugar var sennilega skelfilegt sjóslys rétt við Vestmannaeyjar. Þar fórust 27 manns með skipi, sem Sigurður Halldórsson í Skarðshlíð átti og sonur hans var skipstjóri á. Slysíð varð 30. apríl 1901 og þar fórust 27 manns, mörg á aldrinum 14 til 20 ára. Urðu þá 27 börn undir Austur-Eyjafjöllum föðurlaus. Aðeins einn maður bjargaðist. Fjöldi manns horfði á þegar bátnum hvolfði rétt upp við land. Enginn um borð kunni að synda.

Það var svo árið 1922 að Hjörleifur Jónsson í Skarðshlíð, sem var oddviti sveitarinnar, símaði til Björns J. Andrés-sonar frá Berjaneskoti, sem var í Vestmanneyjum og það hann að fara á námskeið, sem norskur maður var með í Reykjavík. Þar var kennt sund og fleiri íþróttir. Björn var alveg hissa en lofaði að fara.

Þegar hann kom heim fór hann að athuga hvort ekki væri hægt að búa til laug inni í Laugárgili. Hann skoðaði að- staður og leist vel á svo hann fór til Ólafs Pálssonar á Þor- valdseyri. Ólafur sagði að þetta væri ekki mikið mál. Björn fór á alla bæi og safnaði liði og þeir hlóðu laug úr torfi og grjóti sem var ekki góð. Björn kenndi þeim svo sund sem hjálpuðu við hleðsluna.

Sundkennslan tók viku og það voru launin fyrir vinnuna við byggingu hlöðnu laugar- innar. Menn komu sér saman um að byggja steypa laug og hófst handa við fjársöfnun. Þeir óskuðu eftir styrk úr ríkis- sjóði, sem var hafnað. Sýslu- sjóður gat ekki hjálpað en þeir voru búnir að safna 740 kr. og sömdu við Hallgrím Benedikts- son um að hann seldi þeim sement. Sementið kom svo vorið eftir til Vestmannaeyja. Það var flutt upp í sand eftir vertíðina, sem endaði 11. maí og hófst þá verkið. Laugin var tilbúin fyrir slátt.

Aðeins einn maður kunni að blanda steypuna, það var Björn Guðmundsson frá Gíslakoti. Þeir voru jafn gamlir og vinir, Björn J. Andrés-son og Börn Guðmundsson. Björn Guð- mundsson stjórnaði vinnunni og Björn J. Andrés-son sá um að hafa alltaf nægan mannskap. Björn hóf námskeið í sundi



Mynd: Aðsend.

og tóku 25 manns þátt í fyrsta námskeiðinu og gistu í tjöldum. Hann kenndi fjölda barna sund í lauginni, bæði úr Rangárvalla- og V - Skaftafellssýslu. Árið 1927 varð sundkennsla í laug- inni hluti af skyldunámi. Laugin er 25 metrar á lengd og 10 metr- ar á breidd og var stærsta sund- laug landsins til ársins 1936.

Þegar höfundur var að alast upp undir Eyjafjöllum þá var laugin með einhvern ljóma og þótti nánast heilagrur staður. Alla, sem komu í heimsókn, var farið með í Seljavallalaug. Alltaf var vel hugsað um hana. Það var svo árið 1995, sem ég fór inn í Laug sem kallað er og þá blasti við að hún var hálf tóm, stórt gat á henni og þar rann vatnið út. Haft var samband við formann Ungmennafélagsins og fékkst samþykki fyrir að lagfæra laug- ina. Hringt var í fjölda manns og kom 41. Þann 24. júní 1995 hófust lagfæringar, sem stóðu í 10 ár.

Við, brottfluttir Eyfellingar, fórum alltaf fyrstu helgina í maí og vann fjöldi manns þar að og er listi með nöfnum þeirra varð- veittur. Lilja Sigurgeirsdóttir í Drangshlíðardal sendi okkur ævinlega góðan mat upp í Laug. Á 75 ára afmæli Laugarinnar buðum við upp á stórveislu í Fossbúð og Stöð 2 sendi frétt- mann til að gera góða mynd af því tilefni.

Síðan endurtókum við þetta á 80 ára afmælinu, buðum gestum og þá voru lauginni færðar gjafir og ræður haldnar. Árið 2011, ári eftir Eyjafjallagosið, var Laugin full af ösku og þá var ekki fagurt yfir að líta. Þá hafði Dofri Ey- steinsson hjá Suðurverki sam- band og bauð okkur aðstoð og sendi sína stærstu vél og sinn besta mann, Sigurð Sigmunds-

son, sem mokaði 1180 tonnum upp úr Lauginni. Honum til aðstoðar komu menn frá Vík í Mýrdal með minni vél sem var hentug niðri í Lauginni og fjöldi sjálfbóðaliða kom einnig.

Við Jón Á. Gissurarson fórum víða til að tala máli Selja- vallalaugar. Steingrímur Her- mansson, þáverandi ráðherra, bauð okkur í morgunverð heima hjá sér til að hafa næði til að ræða málin. Rétt fyrir andlát Jóns fékk ég boð frá honum um að koma til hans, hann þyrfti að tala við mig. Þá það hann mig að hafa samband við Sif Friðleifs- dóttur, þáverandi umhverfisráð- herra, og óska eftir friðlýsingu og það gerði ég.

Þann 6. júlí 2006 lýsti hún Seljavallalaug friðaða. Laugin og nánasta umhverfi hennar er í dag í umsjá Minjastofnunar Íslands. Ungmennafélagið Ey- fellingur ásamt brottfluttum Eyfellingum og afkomendum Björns héldu í sumar upp á 100 ára afmæli Seljavallalaugar, sem byggð var 1923. Laugin er ein af elstu laugum landsins.

Afmælishátíðin var haldin þann 12. ágúst s.l. Fjölmenni, eða um 120 manns, mætti á há- tíðina, sem hófst við Seljavalla- laug. Það var ánægjulegt að sjá hversu margir afkomendur Björns mættu á hátíðina. Einnig mætti stór hópur fólks sem lærði sund í lauginni á sínum tíma. Frá Seljavallalaug var haldið í veglega grillveislu í félagsheim- ilinu Fossbúð, sem kvenfélagið Fjallkonan sá um af miklum myndarskap.

Fyrir hönd hópsins Vinir Seljavallalaugar, Páll A. Andr- ésson frá Berjanesi

Elín Pálsdóttir



Styrmir Jarl Rafnsson er sunn- lenski matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

Já takk Viðar fyrir þessa áskor- un, hlakka til að þú komir og rífir Selfoss aftur upp undir leiðsögn coach Ragga Trausta og Sigga Eyberg fjármála- stjóra.

Tek morgunmat fyrst þar sem það er mikilvægasta mál- tíð dagsins.

Júðó Blöndal express grautur
Hráir hafnar, mjólk að eigin vali, smá granóla dass af kanil.
Ekki elda grautinn, allt í disk & hræra smá.
(Gæti valdið hægðartregðu en það er í mesta lagi 4-5 dagar)

Ég bauð félagi mínum í mat um daginn, hann Fannar eða Fagó eins og hann lætur kalla sig, fyrrverandi eigandi Kaffi krús og slátrari, hélt því fram að þetta væru „heimsins bestu núðlur“

Þessi uppskrift nær aftur til 2009 þegar ég fór fyrst á kína- hofið með Tómasi nokkrum Sjöberg athafnamanni.


Chow Mein fyrir 4-8 mannverur

Áhöld
Wok panna eða IKEA 365 teflon panna
3-5 lítra Pottur
Kínaprjónar

469 g spaghetti (brotið í tvennt)
1 kjúklingabringa (skera í strimla)
Eða prótein að eigin vali t.d. rækjur eða vegan kjöt

Skora næst á hölm hann Snorra „Dolla“ Sigurðson. En hann lumar á einni bestu súpu sem ég hef smakkað, „Kænugarðs- súpan“. Kannski vinnum við Sunnlendingar í lottó og fáum þessa dýrindis súpu í næsta blaði.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Brokkolí, paprika, hvítlaukur að vild.

Sósa
1/4 bolli sweet and sour sósa (Kikkoman)
1/4 bolli stir fry sósa (Kik- koman)
1/4 bolli sæt chili sósa
1/2 tsk Sriracha sósa

Eldið spaghetti samkvæmt leiðbeiningum í kassanum eða í 12 mínútur.

Á meðan, steikið kjúkling- inn í 3 msk af olíu í stórrí wok eða 365 teflon IKEA pönnu þar til hann er tilbúinn og brúnaður. Bætið grænmetinu úti streikið smá og lækkið hitann.

Bætið 3-4 msk af olíu út í, hentu pastanu & sósunni sam- an við. Hrærið eða svissið öllu saman í svona 2-3 mín. Settu lok og leyfðu þessu að standa í 5 mínútur.

Þæng, ekki gleyma salt og pipar. Það getur breytt öllu. Fyrir stömmingu væri gott að hafa asískt þema & skella rush hour með Jackie Chan í tækið og opna einn ískaldan Ashai super dry bjór.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegí 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.
Bláðamaður: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingadæld: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Gáta vikunnar

Vísagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Karlmannsnafnið kynlegt er, á kaffiborði þarfur.
Manndrápsfleyta algjör er einn í burt er tafur.is

Svar við gátu í blaði 2722: **SKEIÐ**
3. Æviskeið

Einfalt og þægilegt!


honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. út- búið **kort**, **dagatöl** og **myndabækur**.

SENDUM HVERT Á LAND SEM ER



100% RAFMAGNSBÍLL TOYOTA bZ4X



Verð frá: 7.350.000 kr.

KINTO ONE Langtímaleiga. Verð frá: 166.000 kr.



Toyota Selfossi – Fossnesi 14 – 480 8000



Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota-bílum.

Hvernig er best að tala við börn og unglinga um málþroskaröskun DLD?

Dagur málþroskaröskunar DLD (e. Developmental Language Disorder) verður haldinn hátíðlegur um allan heim föstudaginn 20. október 2023. Málþroskaröskun felur í sér meðfædda taugaröskun sem hefur áhrif á máltjáningu og/ eða málskilning af óþekktum orsökum og er greind af talmeinafræðingum. (Sjá nánar á Vísindavefnum Hvað er málþroskaröskun DLD? <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=83917>)

Það er mikilvægt fyrir barnið að fá að vita að það sé greint með málþroskaröskun DLD og að hún sé hluti af þeim áskorunum sem það glímir við í námi og í samskiptum við aðra. Þegar barn veit um þær áskoranir og þekkir kosti sína og annmarka, öðlast það betri skilning á sjálfs sér. Rannsóknir sýna að barni með námsvanda vegnar betur ef það hefur góða vitund um eigin færni.

Mælt er með að tala um mál-

þroskaröskun DLD við barnið um leið og það hefur þroska til. Algenzt er að foreldrar hika við að segja barni sínu frá greiningu á DLD og eru jafnvel óruggir með hvernig þeir eigi að ræða um DLD við barnið. Með því að kynna DLD fyrir barni þegar það er ungt verður hún sjálf-sagður hluti af reynsluheimi þess. Barn frá aldrinum 6 - 7 ára getur oft skilið þegar rætt er um áskoranir þess og leiðir til lausna. Þá er skynsamlegt að tala um DLD á hversdagslegum nótum og sýna barninu fram á að DLD er ekki slæm heldur er hún hluti af lífinu sem það þarf að takast á við, rétt eins og að bursta tennurnar. Mikilvægt er einnig að hjálpa barninu að koma auga á styrkleika sína og ekki er ráðlagt að útskýra DLD í þaula í fyrstu samræðum við barnið.

Í fyrsta skipti sem DLD er kynnt fyrir barni er gott að nota dæmi sem það hefur upplifað sjálft. Beinið athygli að upp-

lifuninni og segið barninu að til er nafn yfir þessa upplifun. Með því móti setjum við heiti á upplifunina en ekki „stimpil“ á barnið sjálft. Segjum sem svo að barn sem greint hefur verið með DLD eigi oft erfitt með að finna réttu orðin yfir það sem það talar um. Til dæmis að kvöld eitt eigi barnið í erfiðleikum með að finna rétt orð yfir það sem það óskar sér í morgunmat og að lokum segist það langa í vöfflur. Daginn eftir standa dýr-indis vöfflur á morgunverðar-borðinu en barnið hágrætur því það ruglaðist á orðunum og ætlaði að segja að það langaði að fá pönnukökur í morgunverð. Síðar þegar allir hafa jafnað sig eftir þennan misskilning er hægt að rifja upp atvikið og setja heiti á upplifunina. Samræðurnar gætu hafist á þessa leið:

„Manstu í gær þegar þú áttir í erfiðleikum með að finna rétta orðið á því sem þig langaði að fá í morgunmat og sagðir að þú vildir fá vöfflur? Þetta kemur

fyrir hjá sumum og ég held að þetta komi stundum fyrir hjá þér er það ekki? Það er til heiti yfir þetta. Þetta heitir málþroskaröskun eða DLD og merkir að stundum eigi fólk erfitt með að finna réttu orðin. Margir eru með málþroskaröskun DLD og það getur stundum verið pirrandi en það er allt í lagi. Við munum hjálpað að við að takast á við það. Það þýðir að við þurfum að finna leiðir til að verða betri í því að finna réttu orðin. Það er nefnilega alltaf hægt að æfa sig og verða betri í því sem maður tekur sér fyrir hendur.“

Annað dæmi væri ef barnið á í erfiðleikum með að skilja fyrirmæli. Barnið fær löng fyrirmæli með flóknum sjaldgæfum orðum og meðtekur aðeins hluta af þeim eða misskilur fyrirmælin. Í stað þess að bregðast illa við að barnið hafi ekki farið eftir fyrirmælum er hægt að ræða við barnið á þessa leið:

„Það er í lagi að biðja einhvern um að endurtaka sig og það er í lagi að biðja um að fá tíma til að átta sig á því sem aðrir eru að segja eða að fá nánari útskýringar. Stundum þurfum við þess öll hvort sem við erum með DLD eða ekki. Allstaðar eru tækifæri til að læra og þroskast, það þarf bara að æfa sig í því að verða betri og það getur tekið tíma.“

Stuðningur heima fyrir er mjög mikilvægur. Látið barnið finna að þið metið það að verðleikum eins og það er. Hlustaðu á barnið og gefðu því tíma til að tjá sig. Sýnið fram á að það sé eðlilegt að fá aðstoð við að muna, skilja og tjá sig. Sem dæmi væri að ef foreldri nefnir rangt nafn þegar það kallar á systkini barnsins í kvöldmatinn. Þegar foreldrið áttar sig á að það notaði rangt nafn talar það um mismælið á eðlilegan hátt og veitir barninu dæmi að viðbrögðum við mismæli sem gæti til dæmis verið á þessa leið „Siggí maturinn er tilbúinn! Æ, ég sagði Siggí en ég ætlaði að kalla á Kalla. Ég ruglaðist alveg á nöfnunum ykkar. Ég reyni aftur. Kalli maturinn er tilbúinn!“ Mismæli er ekkert til að skammast sín fyrir og margir sem ekki eru með DLD mismæla sig. Með því að tala opið um atvikið á jákvæðan hátt sýnir foreldrið barninu hvernig það geti brugðist við þeim upplifunum sem það glímir sjálf við.

Það getur verið að barnið spyrji nánar út í málþroskaröskunina DLD, eða jafnvel ekki, og það er í góðu lagi. Mikilvægast er að foreldrar og barn eru byrj-



uð að tala saman um DLD út frá upplifunum barnsins og smám saman lærir það inn á hvað DLD er. Mikilvægt er jafnframt að hvetja barnið til að nýta vel alla styrkleika sína og að nota ekki DLD sem afsökun fyrir að geta ekki eitthvað, heldur að vera óhrætt við biðja um aðstoð, eins og útskýringu á orðum, endurtekningu á fyrirmælum og þess háttar. Með góðum stuðningi og hjálp aðstandenda nýtir barnið sér þær aðferðir sem það þarf á að halda til að komast áfram í lífinu. Það er því mikilvægt að tala opið um málþroskaröskun DLD og láta þá aðila sem koma að barninu vita af mállegum áskorunum þess t.d. kennara, leiðbeinendur, hópstjóra, íþróttahjálpara, fjölskyldumeðlimi (frændfólk, ömmur og afa), foreldra vana sem barnið umgengst og alla mikilvæga einstaklinga sem eiga í samskiptum við barnið.

Það getur einnig verið gagnlegt fyrir foreldra barna með DLD að ræða við aðra foreldra í sömu sporum og hvet ég ykkur til að kynna ykkur starfsemi Málefliis <https://www.malefli.is> sem eru hagsmunasamtök í þágu barna og unglinga með tal- og málþroskaröskun. Málefli hefur meðal annars að markmiði að vera vettvangur þar sem foreldrar barna geta rætt saman, borið saman bækur sínar og fengið stuðning hvert af öðru. Samtökin standa fyrir ýmis-konar samverustundum á formi spilastunda, kaffihúshattinga eða leikhúsfæra þar sem möguleiki er fyrir börn, unglinga og foreldra til að hittast og fá jafningjastuðning.

Margrét Guðmundsdóttir, talmeinafræðingur hjá Skólaþjónustu Árborgar *Byggt að hluta til úr fræðsluritinu „DLD Developmental Language Disorder – A Guide for parents and families“ eftir Jeanne Tighe, 2022.



Jólahlaðborð í sveitakyrrið

Einstök upplifun á aðventunni í hlýlegu umhverfi.

Jóla kvöldverður 10.500 kr.

TILBOÐ Á MAT OG GISTINGU

17.000 kr. á mann í 2ja manna herbergi

20.900 kr. fyrir eins manns herbergi

Innifalið er jóla kvöldverður ásamt morgunverðarhlaðborði.

24. og 25. nóvember

1. og 2. desember

8. og 9. desember

Nánari upplýsingar og borðapantanir á info@eldhestar.is



Eldhestar, Vellir, 816 Ölfus • 480 4800 • info@eldhestar.is • www.eldhestar.is

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á hverjum degi!



HOLLÓWEEN

23.-28. OKTÓBER

Skammdegishátíð fyrir alla fjölskylduna...eða þau sem þora!

Mánudagur 23. október

Opnunarhátíð Þollóween

kl. 17:30 Hátíðin sett í anddyri Ráðhússins. Nornamarkaður. Viss verður með Þollóweenvarning til sölu. Draugalegt dansatriði frá nemendum Grunnskólans undir stjórn Önnu Berglindar Júlísdóttur. 2Guys vagninn verður á svæðinu frá kl. 17:00.

Draugagarðurinn opnar í skráðgarðinum

kl. 17:30 Skelfilegt myndabíngó í myrkrinu. Opnið fram á sunnudag, Komið þegar ykkur hentar og með vasaljós. Myndabíngó og nánari upplýsingar á Facebook viðburði.

Viðurstygigileg ljósmyndasýning opin

Hryllileg ljósmyndasýning Þollóween í Gallerí undir stiganum. Saga Þollóween í myndum frá 2018-2022.

Hrollvekjur í Féló og frístund

kl. 17:00-19:00 fyrir 5.-7. bekk.
kl. 19:30-22:00 fyrir 8.-10. bekk.

Þriðjudagur 24. október

Ónotaleg sundstund

kl. 19:30-22:00. Hræðilega ónotaleg sundstund.

Viðurstygigileg ljósmyndasýning opin

á opnunartíma bókasafnsins.

miðvikudagur 25. október

Draugahús 10. bekkjar

kl. 17:00-18:30 fyrir 4.-6. bekk.
kl. 19:00-21:00 fyrir 7. - 9. bekk

Hver ferð í draugahúsið kostar 300 krónur en þemað er hryllingsmyndir.

Skyggnilýsingafundur *

Skyggnilýsingafundur í Versölum. Húsið opnar kl. 19:30 og salnum verður lokað kl. 20:00. Enginn kemst inn eftir það. Aðgangseyrir. Sjá Facebook viðburði.

Viðurstygigileg ljósmyndasýning opin

á opnunartíma bókasafnsins.

fimmtudagur 26. október

beinagrindur á bókasafninu

kl. 17:30 Lifandi sögustund með óvættum á hverju strái í Bæjarbókasafninu. 10 ára og eldri.

Grafir og bein

kl. 18:00 Hugsað fyrir þau yngstu, komið með vasaljós og leitið að beinum í Skráðgarðinum og komið þeim fyrir í rétttri gróf.

Viðurstygigileg ljósmyndasýning opin

á opnunartíma bókasafnsins.

Föstudagur 27. október

Búningadagur í grunn- og leikskóla

Allir koma í búningum í grunn- og leikskóla.

Viðurstygigileg ljósmyndasýning opin

á opnunartíma bókasafnsins.

Grikk eða gott

kl. 17-19. Börn ganga um bæinn og þiggja gótt. Nánar á Facebook.

Draugahús í olís-búðinni *

kl. 19-21:00 og aftur frá 21:30-00:00. Hryllileg upplifun. 1500 kr. og posi á staðnum. ÞETTA ER FULLORÐINS! Ath! Allir taka þátt á sína ábyrgð. 14 ára og yngri á ábyrgð forráðamanna. Ölvun útilokar aðgang. Þorir þú? 2Guys matarvagninn verður á svæðinu.

Viðurstygigileg ljósmyndasýning opin

á opnunartíma bókasafnsins.

Laugardagur 28. október

Draugagarðurinn opinn í skráðgarðinum

Myndabíngó fyrir alla fjölskylduna.

Nornaping í versölum -18 plús - aðeins fyrir nornir*

Húsið opnar kl. 19 með fordrykk. Pálínuboð, allar koma með eitthvað á borðið. Happraetti, Blush verður með sölubás, Sigga Dögg, Madame Tourette og bráluð ballstemning. Nánar á Facebook viðburði.

*Athugið að aðgangseyrir er á stjörnumerktu viðburði



www.facebook.com/tholloween

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.



Hattafellsgil - Nýtt deiliskipulag

Með deiliskipulaginu er verið að staðfesta landnotkun svæðisins. Skipulagssvæðið er 5.333 m². að stærð. Heildar byggingarmagn verður alls 100 m² við fjallaskálann ásamt 50 m² hesthúsi eða geymslu. Gistileyfi verður fyrir 20 manns.

Miðey 1 - Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan að Miðey, spilda 1, L222933 gerir ráð fyrir þremur byggingarreitum. Annarsvegar verður heimilt að byggja allt að 250 m² íbúðarhús, 50 m² gestahús og 200 m² bílskúr á einum byggingarreitnum. Hins vegar verður heimilt að byggja sjö 80 m² gestahús á hinum tveimur byggingareitunum.

Bergþórugerði 1 - Deiliskipulagsbreyting

Lagt er til að gerð verði breyting á deiliskipulagi í Bergþórugerði á Hvolsvelli. Breytingin felst í því að íbúðum í götunni er fjölgað úr 40 í 84. Gert er ráð fyrir 46 íbúðum í 2ja hæða fjölbýlishúsum með risi, 6 íbúðum í þremur parhúsum með risi og 22 íbúðum í einbýlishúsum, þar af 3 á tveimur hæðum með risi og 10 íbúðum í 2ja hæða raðhúsum með risi. Hámarks mænishæð er 7,5m.

Ofangreinda deiliskipulagstillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunnar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 15. október 2023. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemd til 29. nóvember 2023. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst tillaga að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024.

Steinar 1 - Aðalskipulagsbreyting

Um er að ræða breytingu á landnotkun á hluta jarðarinnar Steinar 1 L163721 og lóðarinnar Hvassafell 2, samtals að stærð 107,6 ha, L219654 úr Landbúnaðarland (L) í verslun- og þjónustu (VP).

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt skipulagslýsing deiliskipulagstillögu í Rangárþingi eystra.

Dímonarflöt 1-7 - Aðalskipulagsbreyting

Aðalskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir að 51,6 ha. landbúnaðarlandi (L2) verði breytt í frístundabyggð (F).

Barkastaðir - Aðalskipulagsbreyting

Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að breyta 15 ha. landi úr Barkastöðum sem er landbúnaðarland (L2) í verslunar- og þjónustusvæði (VP) undir hótél sem rúmar 90 gesti.

Brú - Aðalskipulagsbreyting

Með aðalskipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir frístundabyggð með allt að 50 frístundalóðum, verslun- og þjónustusvæðið fer úr 3 ha. í allt að 42,7 ha. að stærð fyrir veitingarekstur, gestahús og hótél fyrir allt að 85 gesti. Q2

Stengur milli Rimakots og Vestmannaeyja - Aðalskipulagsbreyting

Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að heimila að leggja tvo jarðstrengi að Vestmannaeyjum, Vestmannaeyjalínu 4 og Vestmannaeyjalínu 5. Megin markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að koma upp fullnægjandi tvítengingu Vestmannaeyja við flutningskerfi raforku á Suðurlandi.

Ofangreindar skipulagslýsingar verða kynntar fyrir almenningi með opnu húsi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli, miðvikudaginn 27. október n.k. kl. 11:00 til 12:00. Einnig verða tillögurnar aðgengilegar á heimasíðu Rangárþings eystra og á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunnar. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við skipulagslýsingarnar og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 1. nóvember 2023.

F.h. Rangárþings eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs

Lykill að læsi – Málþing

Lykill að læsi er málþing um læsi í víðum skilningi fyrir öll skólastigin en það verður haldið í sal Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi fimmtudaginn 26. október kl. 17:00-19:00.

Málþingið er opið öllum áhugasömum og er þeim alveg að kostnaðarlausu. Þar munu þrír fyrirlesarar halda mjög áhugaverð erindi sem tengjast málþroska og læsi.

Bjartey Sigurðardóttir, talmeinafræðingur og verkefnisstjóri Lestur er lífsins leikur hjá Hafnarfjarðarbæ mun halda erindi um snemmtæka íhlutun í 1. bekkjum grunnskóla Hafnarfjarðar. Markmiðið með verkefninu er að finna strax við skólabyrjun þá nemendur sem hugsanlega þurfa á nánari greiningu og/eða stuðningi að halda og veita íhlutun við hæfi. Einnig fjallar hún um Læsisverkefnið LÆK sem hefur það að markmiði að efla læsi og auka lestraráhuga allra nemenda á mið- og unglingastigi í grunnskólum Hafnarfjarðar, á hvaða stigi í lestri sem þeir kunna að vera.

Hlíf Brynja Baldursdóttir, deildarstjóri máls og læsis í Fellaskóla mun halda erindi um samstillt átak leikskólanna

Aspar og Holts ásamt Fellaskóla og frístundaheimilinu Vínafelli við að efla málþroska og læsi barna í Fellahverfi. Áherslur skólanna eru á málþroska og læsi, leiðsagnarnám og tónlist og skapandi skólastarf. Hlutfall tví- og fjöltýngdra barna í skólunum er á bilinu 80 – 90% og er íslenskt málumhverfi þeirra að mestu leyti í skólunum og frístundaheimilinu.

Svava Þ. Hjaltalín, sérkennari, læsisfræðingur og verkefnastjóri við Rannsóknarsetur um menntun og hugarfar við HÍ mun halda erindið Árangursrík kennsla – „Ég get“ þar sem farið yfir gildi góðra vísindarannsókna tengdar námi og færniþróun og hvernig þær geta styrkt kennara og hjálpað þeim að velja árangursríkar aðferðir við lestrarkennslu og læsi. Einnig verður fjallað um rannsóknar og þróunarverkefnið Kveikjum neistann sem sýnir okkur hvernig orð verða til athafna og hvernig vísindi leiða til árangurs.

Epsilon-deild Delta Kappa Gamma stendur fyrir málþinginu en DKG eru alþjóðasamtök kvenna í fræðslustörfum.

Verið öll velkomin í boði samtakanna



Ljósmynd: Freepik.

Gott að eldast í Árborg og Hveragerðisbæ

Ísumar auglýsti félags- og vinnuumarkaðsráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið eftir samstarfi sveitarfélaga og heilbrigðisstofnana

Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Árborg eru í hópi sex heilbrigðisstofnana og 22 sveitarfélaga sem fá að taka þátt í þróunarverkefni með það að markmiði að samþætta félagslega heimaþjónustu og heima-

hjúkrun fyrir eldra fólk í heima-húsum.

Verkefnið er hluti af aðgerðaráætluninni Gott að eldast en með henni taka stjórnvöld utan um þjónustu við eldra fólk með nýjum hætti. Markmið þróunarverkefnanna er að finna góðar lausnir á samþættingu félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk og flétta vandlega saman þá þætti sem ríkið sér annars vegar um og hins vegar sveitarfélögin.



Ljósmynd: Freepik.

Jól í skókassa

Þó enn sé langt í jólin eru þetta flaut einhverjir farnir að huga að þeim, að minnsta kosti eru verslanir farna að draga fram jóladótið. Sumum finnst einmitt fátt betra en að byrja snemma og því ekki að nýta jólakraftinn og láta gott af sér leiða? Verkefnið Jól í skókassa er kjörið tækifæri til að gera góðverk. En hvað er Jól í skókassa?

Jól í skókassa er alþjóðlegt verkefni sem hófst árið 2004. Verkefnið snýst um að gleðja börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika í Úkraínu. Á því svæði sem jólagjöfunum verður dreift ríkir mikil örbirgð. Íslensku skókassarnir fara meðal annars á munaðarleysingjahæimili, barnaspítala og til barna einstæðra mæðra. Frá Selfossi fóru 131 kassi fyrir jólin 2022 og alls fóru 5575 skókassar frá Íslandi til Úkraínu.

Til að taka þátt í verkefni þarftu að útvega þér skókassa. Í kassann á svo að setja eitt úr hverjum flokki: Skóladót,

leikföng, hreinlætisvörur, sælgæti og föt. Kassanum er svo pakkað inn eftir kúnstarinnar reglum og skilað til okkar í Selfosskirkju.

Nánari upplýsingar um hvað má og hvað má ekki fara í kassann er að finna inni á síðunni www.kfum.is/skokassar.

Tekið er á móti kössum frá



21. október í Selfosskirkju. Hægt er að koma með kassana á sunnudögum fyrir messu eða sunnudagaskóla, á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum á milli kl. 13:00-16:00.

Síðasti skiladagur í Selfosskirkju er fimmtudagurinn 2. nóvember.



FÉLAGSFUNDUR

Framsóknarfélags Árborgar

Félagsfundur verður haldinn fimmtudaginn 26. október 2023 klukkan 20 á Eyraeyri 15. Farið verður yfir félagsmálin og önnur mál.

Stjórnin



Sendibílar á Suðurlandi



Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysra@keysra.is - www.keysra.is - [f /keysra.is](https://www.facebook.com/keysra.is)

Hrekkjavaka

Skemmtilegt úrval í verslun okkar Brúarstræti 6, Selfossi



penninn.is
540-2316

selfoss@penninn.is
Brúarstræti 6

PRINN

Eymundsson

Pirkanpojat Boys' Choir



Finnskur drengjakór

Tónleikar í Selfosskirkju
20.okt kl. 18:00

Aðgangur ókeypis og allir velkomnir !



Húsmæðraorlof Árnes- og Rangárvallasýslu

Okkar orlof í takt við tímann

Dagana 24. til 28. september s.l. var Húsmæðraorlof Árnes- og Rangárvallasýslu haldið á Hótel Örk í Hveragerði. 91 húsmæður voru skráðar og 88 mættu til leiks sem er metþáttaka. Frá 1976 hefur húsmæðraorlof okkar verið með þessu sniði, aldrei farið í utanlandsferðir heldur alltaf samvera ýmist í skólum eða hótélum hér í heimabyggðum, að undanskildum þremur skiptum þar sem dvalið var í Borgarnesi og Vestmannaeyjum.

Í Árnessýslu og Rangárvallasýslu er starfandi 3ja kvenna orlofsnefnd í hvorri sýslu, í þær er kosið af Sambandi sunnlenskra kvenna og vinna þær saman að skipulagi orlofsins. Á þessu starfsári eru nefndarkonur Rosemarie Þorleifsdóttir, Erla Þorsteinsdóttir, Þórdís Þórðardóttir, Þórunn Ragnarsdóttir, Arndís Fannberg og Rósalind Ragnarsdóttir.

Nú síðustu ár höfum við verið á Hótel Örk þar sem að-

staðan er til fyrirmyndar – gott aðgengi, lyfta, margir salir til afnota, sundlaug, gufubað og heitir pottar. Á hótelið þakkir skildar fyrir gott samstarf og góðan viðurgjörning. Ekki spillir fyrir að Hveragerði er fallegur bær til gönguferða og öll nauðsynleg þjónusta þar til staðar.

Í orlofinu er skipulögð dagkrá alla dagana, stólaþjóna á morgnana og bingó, fyrirlestur eða annað skemmtilegt á kvöldin. Þess utan geta konurnar slakað á eða notið samverunnar í þjónaskap, spjalli og söng. Einn dag er alltaf farið í dagsferð með rútu og áhuga-verðir staðir skoðaðir. Þetta árið var ferðinni heitið til Þorlákshafnar þar sem íbúðir aldraðra, Níán, voru heimsóttar og vöktu mikla aðdáun, Strandarkirkja var skoðuð og áfram lá leiðin til Grindavíkur þar sem við snæddum hádegisverð og fengum síðan leiðsögn um bæinn og út á Garðskaga. Loks var ekið um Hellisheiði aftur til Hvera-

gerðis. Eitt kvöldið kom næringarfræðingur og flutti mjög fróðlegt og skemmtilegt erindi um nýjar áherslur í matarræði eldri borgara, annað kvöld var tiskusýning þar sem orlofskonur sýndu fót frá Lindinni á Selfossi. Lokakvöldið var að venju hátíðarkvöldverður, Hlynur Theódórsson og Sæbjörg dóttir hans úr Rangárþingi komu og sungu fyrir okkur nokkur lög og stóðu einnig fyrir fjöldasöng sem dró margar konur út á dansgólfið.

Meðalaldur kvennanna var 80 ár og þess má til gamans geta að ein þeirra, 86 ára, var að gista á hóteli í fyrsta skipti á ævinni. Eins og áður var almenn ánægja meðal kvennanna með orlofið og er það von okkar og trú að konur fái að njóta þess áfram um ókomin ár.

F.h. Orlofsnefnda Árnes- og Rangárvallasýslu, Arndís Fannberg ritari



Getum sofið róleg í þúsund ár

Með bættu eftirliti og rannsóknnum geta sunnlendingar sofið rólegir

Þau Hannes og Bryndís Ragnarsdóttir boðuðu til fundar í Íslenska bænum í Austur-Meðalholtum í Flóa á laugardaginn var. Þar flutti erindi Ragnar Stefánsson eða Ragnar Skjálfti eins og margir nefna hann. Ragnar er mestur sérfræðingur í jarðskjálftafræðum. Ragnar var að kynna bók sína Hvenær kemur SÁ STÓRI? Árni Hjartarson mestur sérfræðingur í Þjósárhrauninu flutti erindi um hraunið sem var og er stærsta hraun sem runnið hefur í einu gosi eftir ísöld. Þjósárhraunið rann ofan af Veidivatnasvæðinu niður Landsveit, Skeiðin og til sjávar Stjörnusteinar voru kenndir við hraungrítið og allir kannast við skerin utan Stokkseyrar og Eyrarbakka. Árni sagði þegar hann var spurður hvort við ættum von á öðru slíku gosi. „Að við gætum sofið róleg í tíu þúsund ár.“

Ragnar fór yfir hina stóru jarðskjálfta þegar jörð hefur skolið hér í hundruðir ára. Bók sína byggir Ragnar á 20 ára rannsóknarvinnu um jarðskjálftaspá en margar af niðurstöðunum eru líka góður grunnur fyrir eldgosaspá. Úrlausn jarðskjálfta og eldgosa

er að mörgu leyti mjög samþæilegt og byggir á broti jarðskorpunnar undir á lagi frá flekaskriði og innri vökvaþrýstingi og samspili þessara tveggja ferla. Ragnar segir að lifa með náttúrunni, jafnt gæðum hennar sem dyntum, er grunnurinn að þekkingarleit manneskjunnar. Meðal hinna óskiljanlegu dynta hennar voru jarðskjálftar sem stundum voru skýrðir með því að skrímsli væru að bylta sér neðanjarðar. Erindi þeirra Ragnars og Árna voru tver kennslustundir í jarðvísindum og þeir sem sóttu fundinn sátu opinmyntir og áhugasamir allan tímann. Bókin Sá Stóri ætti að vera opin til fróðleiks á hverju stofuborði hér á jarðskjálftasvæðinu. Ragnar opnaði á sínum tíma nýja umræðu og upplýsingar um jarðskjálfta og „afhræðsluvæddi,” Sunnlendinga. Hvatti þá til að efla þekkingu sína og búa sig undir hamfarirnar. Eyfellingar eiga rokið og eru þjóðþekktir hvar sem þeir búa fyrir að negla í hverja báru og hnykkja. Við gerum meiri kröfur til bygginga húsa hér og að festa húsmuni. Hafið heila þökk Árni og Ragnar fyrir þessa góðu stund í Íslenska bænum.

Guðni Ágústsson



prentmet
heildarlausnir í prentun



VIÐ ERUM
FRAMÚRSKARANDI!

Samkvæmt nýjustu rannsóknum Brandr vísitölunnar þá skorum við frammúrskarandi í samanburði við íslensk fyrirtæki m.a. í þessum þáttum:

- Reynslumikil á sínu sviði
- Gæða þjónusta
- Áreiðanleiki
- Græn þjónusta



brandr
Index



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Limmiðar



Stimplar

Lynghás 1, 110 Rvk ☎ 5 600 600
Eyravegi 25, 800 Selfoss ☎ 482 1944
Glerárgötu 28, 600 Akureyri ☎ 4 600 700


prentmetoddi.is



ISO 9001



ISO 14001



Útisvæði Öldunnar á Hvolsvelli opnað



Leikskólinn Aldan á Hvolsvelli hóf starfsemi þann 8 ágúst s.l. og var formlega vígður þann 25. ágúst að viðstöddu fjölmenni en þá voru tæplega tvö ár frá að fyrstu skóflustungurnar voru teknar af nemendum leikskólans. Á þeim tíma hafði leikskólastarfi í sveitarfélaginu verið á nokkrum stöðum í einhvern tíma vegna myglu í þáverandi húsnæði og því mikil þörf á nýrri byggingu.

Leikskólinn Aldan er átta deilda leikskóli með möguleika á að stækka upp í tíu deildir og getur skólinn tekið á móti um 180 börnum. Það var Páll V. Bjarnason sem hannaði leikskólann ásamt Ólöfu Pálsdóttur. Starfsfólk skólans voru einnig ráðgefandi þegar kom að hönnun leikskólans að miklu leiti og hafði það mjög mikið að segja um lokaútkomuna.

Framúrskarandi leiksvæði

Leiksvæði leikskólans var að hluta til tilbúið við vígslu Öldunnar en mánudaginn 25. september gátu börnin loks nýtt allt leiksvæðið og er óhætt að segja að börnin hafi verið í skýjunum með þessa nýju viðbót enda möguleikar til sköpunar og leiks óteljandi. Sérstaklega þegar tekið er tillit til sköpunarkrafts og orku sem ungdómurinn býr yfir.

Afmarkað ung barnasvæði er á leiksvæðinu búið fjölbreyttum leiktækjum með tilskyldum fallvörnum. Innan svæðisins eiga allir að geta svalað grunnleikþörfum sínum og fundið fyrir öryggi í leiðinni. Þegar þroski barna eykst ásamt kjarki og hreyfigetu bíður ytri lóðin eftir þeim með fjölbreyttum áskorunum.

Á ytra svæðinu opnast náttúrulegri rými þar sem gróður er notaður til rýmis- og skjólmynd-

unar. Svæðið býr yfir möguleikum fyrir fjölbreyttari leik þar sem hugsunin er að börn og aðrir gestir geti skapað sinn eigin leik.

Menning, landbúnaður og ræktun innblástur

Rangárþing Eystra er mikið landbúnaðarsvæði og óhjákvæmilegt að stór hluti barnanna tengi sterk við sveitarstörf og ræktun. Þessari staðreynd tóku hönnuðurnir fagnandi sem endurspeglast í mótun landsins og val á búnaði.

„Náttúrulegur efniviður og frjáls leikur með hugmyndaflug barnanna að vopni var áherslupunktur leikskólastarfsmanna sem var ánægulegt að vinna með og útfæra. Náttúruleikurinn er byggður upp með efniviði úr nærliggjandi skógrækt sem og tilfallandi grjóti af svæðinu. Útkoman er kofa og stíklusvæði upp við drullusvæði með rennandi vatni. Malarstígur hlykkjast umhverfis svæðið og snertir á fjölbreyttum gróðursvæðum og misopnum rýmum sem gefa möguleika á stórum hópleikjum jafnt sem smærri kyrrðarsvæðum og snertingu við náttúrulegri efni. Hliðarspor frá stígnum liggja einnig að svæði innblásið af íslenskum fjárréttum og sleðabrekkunni sem gefur einnig gott útsýni.“ Segja þau Aðalheiður E. Kristjánsdóttir og Jóhann Pétursson landslagsarkitektar hjá Landmótun en hönnun útisvæðisins var í þeirra höndum ásamt Huldu Davíðsdóttur og Írisi Reynisdóttur.

Hugmyndir starfsfólks leikskólans voru hafðar til hliðsjónar við alla hönnun, enda þótti hönnunarhópnum mikilvægt að fá skoðanir þeirra í ljós og fylgja því eftir.

Til viðbótar við þetta aðal leiksvæði leikskólans þá eru tvö minni garðrými staðsett sitt-

hvoru megin við bygginguna. Þessum svæðum er ætlað að vera útisvæði fyrir hópastarf

leikskólans þar sem listasmiðjur, matjurtaræktun og útikennsla í minni hópum getur farið fram.

Aðalheiður og Jóhann segja að stærð lóðarinnar gerði þeim kleyft að bjóða upp á svo fjölbreytt og náttúrulegt svæði þar sem börn og kennarar geta upplifað fjölbreytileika í náttúru, rýmum og upplifun. Að því sögðu þá var líka hugað að mögulegri framtíðar stækkun lóðarinnar til vesturs. Þangað var fluttur töluverður fjöldi trjáplantna sem gætu nýst ef lóðin yrði stækkuð til vesturs eða nýst sem útikennslusvæði fyrir skóla og leikskóla.

Allir lögðust á eitt

Anton Kári Halldórsson sveitar-

stjóri Rangárþings Eystra er að vonum ánægður með útkomu útisvæðisins og leikskólans alls. „Framkvæmdir gengu virkilega vel og voru að mestu innan tíma og fjár ramma. Undanfarin tvö ár hafa ekki verið auðveld fyrir börn, foreldra og starfsmenn leikskólans. En vegna myglu þá þurfti að bregðast við og skipta deildum upp á nokkur húsnæði í þorpinu. Engu að síður þá gekk þetta allt saman ótrúlega vel. Það er einvörðungu vegna þess að allir lögðust á eitt. Útisvæðið er algjörlega framúrskarandi að mínu viti og talar mjög vel í þær áherslur sem við hjá sveitarfélaginu erum með þegar kemur að börnunum okkar. Skapandi og frjótt samfélag“.



Minjastofnun Íslands

auglýsir eftir umsóknum um styrki úr húsafriðunarsjóði fyrir árið 2024

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði nr. 577/2016. Veittir verða styrkir úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum, ásamt öðrum húsum og mannvirkjum, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningar húsa og mannvirkja, og miðlunar upplýsinga um þær.
- sveitarfélaga til að vinna tillögur að verndarsvæði í byggð, í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2015 og reglugerðar nr. 575/2016 um verndarsvæði í byggð og til verkefna innan verndarsvæða í byggð.

Umsóknir eru metnar m.a. með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildis fyrir varðveislubyggingararfleifðarinnar.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á vef Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2023. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun styrkja.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit um verndarsvæði í byggð og um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa sem finna má á vef Minjastofnunar Íslands (undir Leiðbeiningar). Í Húsverndarstofu í Árbæjarsafni er veitt endurgjaldslaus ráðgjöf um gerð styrkumsókna og viðhald og viðgerðir á gömlum húsum (sjá nánar á www.husverndarstofa.is).



Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is
husafriðunarsjodur@minjastofnun.is

Íþróttir

Sendist á dfs@dfs.is

Öflugur lokasprettur Borgfirðinga Selfossi að falli

KÖRFUBOLTI Miðvikudaginn 11. okt. fór fram fyrsti heimaleikur meistarflokks Selfossi á þessu tímabili og voru andstæðingarnir Skallagrímur frá Borgarnesi. Leikurinn átti að byrja kl. 19:15 en vegna lokana í Hvalfjarðargöngunum byrjaði leikurinn ekki fyrr en kl. 20. Það kom ekki á sök, mætingin á leikinn var frábær. Grillaðir voru hamborgarar fyrir leikinn sem og mikil stemning myndaðist á pöllumunum. Yngstu iðkendurnir okkar fengu að leiða leikmennina inn á völlinn þegar liðin voru kynnt til leiks og leyndi ánægjan sér ekki hjá þeim við að vera í návist hetjanna þeirra.

En þrátt fyrir góða umgjörð og frábæra stemningu á pöllumunum fór leikurinn ekki eins og við höfðum óskað eftir, Skallagrímur vann leikinn 94-103. Leikurinn var mjög jafn og mikið skorað í fyrstu tveimur leikhlutunum. Þegar fjórar mín-



Mynd: Selfoss karfa/BRV

útur voru eftir af leiknum voru Selfyssingar yfir með einu stigi en þá kom sterkt áhlaup Borgnesinga sem lagði grunninn að sigri þeirra. Selfoss missti lykil-leikmenn út af með fimm villur og reyndist róðurinn of þungur eftir þar. Munurinn var orðinn 10 stig þegar mínúta var eftir af leiknum og héldu gestirnir þeim mun til leiksloka.

Michael Asante átti stórleik fyrir Selfyssinga með 36 stig

og 18 fráköst. Birkir Hrafn Eyþórsson var með 16 stig, Arnór Eyþórsson 14 stig, Vojtech Novák 13 stig og 11 fráköst, Ísar Jónasson og Ísak Perdue voru báðir með 6 stig og Geir Helgason með 3 stig.

Næsti leikur Selfyssinga er gegn nýliðum 1. deildarinnar, KR, á Meistaravöllum á morgun, fös. 20. okt. kl. 19:15.

Selfoss karfa

Spennandi hraðmót HSK



Hér má sjá sigurlið Hamars á héraðsmóti karla fyrr á árinu.



Þáttökuliðin frá Dímón-Heklu urðu í fyrsta og þriðja sæti.

BLAK Hraðmót HSK í blaki kvenna fór fram á Flúðum þriðjudaginn 10. október sl. og tóku sjö lið þátt í mótinu. Mótið var nú haldið í 28. sinn, en það var fyrst haldið árið 1995.

Lið Dímón-Heklu A vann alla sína sex leiki á mótinu og tryggði sér hraðmótsmeistaratítul HSK í þriðja sinn, en liðið vann keppnina 2014 og 2021. Þess má geta að Dímón hefur að auki unnið í tvígang, árin 2003 og 2004. Hrunakonur unnu fimm leiki á mótinu og urðu í öðru sæti og B lið frá Dímón-Heklu vann fjóra leiki og varð í þriðja sæti.

Hraðmót HSK í blaki karla fór svo fram á Laugarvatni miðvikudaginn 11. október. Þrjú lið mættu til leiks og léku sín á milli og urðu að vinna tvær hrinur. Hamar vann bæði Hrunamenn og Laugdæli 2-0 og tryggði sér titilinn þriðja árið í röð og í 12 skipti frá upphafi. Lið Hrunamanna, sem er sigursælasta lið keppninnar með 14 sigra alls, vann svo Laugdæli 2-1 og varð í öðru sæti og heimamenn í Laugdælum urðu í þriðja sæti. Laugdælir hafa einu sinni fagnað sigri á mótinu, en það var árið 2019. **HSK**



Lið HSK talið frá vinstri í miðröð, bræðurnir Ólafur Elí og Óskar Magnússynir, bræðurnir Markús Kr. og Jón M. Ívarssynir og Yngvi Karl Jónsson.

Ringó á Hvammstanga

RINGÓ Helstu Ringókappar landsins 50 + leiddu saman hesta sína á æfingamóti á Hvammstanga laugardaginn 14. október í boði USVH sem tóku á móti íþróttafólkinu af mikilli rausn. Þarna mættu sex lið og leikin var tvöföld umferð, alls 30 leikir. Gekk á

ýmsu og engir fóru taplausir heim en liðsmenn HSK stóðu uppi sem sigurvegarar, unnu átta leiki af tíu. Svo voru þarna tvö lið af Akureyri, tvö frá heimamönnum og eitt úr Borgarfirði. Allir skemmtu sér frábærlega og stefna að næsta móti hið fyrsta. **HSK**



Mynd: UMFS

10 Selfyssingar valdir í landsliðshópa

HANDBOLTI Í síðustu viku voru æfingar og leikir hjá kvennalandslíðum Íslands. Selfyssingar áttum 10 fulltrúa sem eru að tóku þátt í þessum landsliðsverkefnum.

Katla María Magnúsdóttir og Perla Ruth Albertsdóttir voru með A-landsliði Íslands.

Í U20 ára landslið kvenna eru Elínborg Katla Þorbjörnsdóttir og Tinna Sigurrós Traustadóttir.

Í U18 ára landsliði kvenna eru Adela Eyrún Jóhannsdóttir

ir, Ágústa Tanja Jóhannsdóttir og Hulda Hrönn Bragadóttir.

Í U16 ára landsliði kvenna er Inga Dís Axelsdóttir.

Í U15 ára landsliði kvenna eru Eva Lind Tyrningsdóttir og Lilja Ósk Eiríksdóttir.

Öll unglíngalandslíðin æfðu dagana 11. - 15. október.

Við óskum öllum innilega til hamingju með valið og góðs gengis á landsliðsæfingum. Framtíðin er svo sannarlega björt. **UMFS**

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is





Laun fyrir lífi...

...ungra bænda og íslenskra sveita

Samtök ungra bænda efna til baráttufundar fyrir lífi sínu og sveitanna í landinu. Án verulegra breytinga verður engin eðlileg endurnýjun í bændastéttinni. Samt blasa við fjölmörg sóknarfæri til alþjóðlegrar samkeppnishæfni og um leið íslenskrar verðmæta-

sköpunar. Við trúum á framtíðina en vandamálið er nútíðin þar sem þjóðin, undir forystu stjórnvalda, flýtur um þessar mundir sofandi að feigðarósi. Að gera eitthvað í málunum seinna gæti einfaldlega orðið of seint.



Steinþór Logi



Margrét



Þórólfur



Þuríður Lilly



Axel



Ingibjörg



Ísak



Sigríður



Jón Helgi



Stefán



Ragnar



Bjarni

Dagskrá

Laun fyrir lífi

Steinþór Logi Arnarsson, formaður Samtaka ungra bænda, bóndi í Stórholti, Dölum

Sami leikur – ólíkar leikreglur

Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði

Lausn á alvarlegum vanda í íslenskum landbúnaði

Þórólfur Ómar Óskarsson, kúabóndi í Grænuhlíð, Eyjafirði.

Lifandi sveitir – lifandi land

Þuríður Lilly Sigurðardóttir, sauðfjárbóndi á Sléttu, Reyðarfirði.

Tryggjum bændum framtíð

Axel Sæland, formaður garðyrkjudeilda BÍ, garðyrkju- og blómabóndi á Espíflöt, Reykholti.

Sveitur sitjandi kráka en fljúgandi fær

Ingibjörg Davíðsdóttir, sendiherra og aflvaki íslensks fæðuklasa

Umræður

Flutningsmenn erinda, gestir úr stjórnmálum – gestir í sal

Kaffihlé

Landverðir þjóðarinnar

Ísak Jökulsson, í stjórn SUB, bóndi á Ósabakka, Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Er fjármagnskostnaður náttúrulegmál?

Sigríður Ólafsdóttir, bóndi og ráðunautur, Viðidalstungu, V-Húnavatnssýslu

Fæðuöryggi þjóðarinnar í sjálfböðavinnu

Jón Helgi Helgason, kartöflubóndi á Þorustöðum, Eyjafirði

Hvar stendur hnífurinn í kúnni?

Stefán Geirsson, bóndi í Gerðum, Flóahreppi

Landbúnaður: Tækifæri og skipulagsumgjörð

Ragnar Árnason, hagfræðingur

Umræður

Flutningsmenn erinda, gestir úr stjórnmálum – gestir í sal

Fundarstjóri

Bjarni Rúnarsson, bóndi á Reykjum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Staður: Salurinn, Hamraborg 6, Kópavogi

Stund: Fimmtudagur 26. október kl. 13:00 – 16:00

Streymi: Facebook: Ungir bændur, SUB



Bara ef þingfólk væri jafn kærleiksríkt og starfsfólk hjúkrunarheimila

Eftir dvöl mína í hvíldarinn-lögn á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu að Lundi á Hellu, langar mig að segja frá því hvaða dýrðar staður það er með alla sína mannúð og kærleika sem þar ríkir. Svo sannarlega er lífið núna. Þar er samheldni eftirtektarverð hjá starfsfólkinu, þar er enginn stéttarmunur, allir sem einn og einn sem allir. Öll þjónusta veitt með bros á vör og þvílíkri viðringu við vistmenn sem er til fyrirmyndar, hvort heldur var þjónusta til munns eða handa, eða aðstoð við þá sem þurftu mikla þjónustu við allar sínar þarfir. Mín ósk er að svona ríki góð og heilbrigð þjónusta á öllum hjúkrunar- og

dvalarheimilum landsins sem og annarsstaðar þar sem mannleg þjónusta er, trúir ekki öðru en að svo sé. Mér er hugsað til Alþingis íslendinga, þar sem átta stjórnmalaflokkar eru, auðvitað vil ég trúa allir sem einn vilji þegnum landsins vel og að sömu markmið séu þjóðinni til heilla. En þar rísa upp raddir hver á móti annarri, er torvela framfór og samkomulagi sem seinka góðum málum. Þar vantar sam-



heldni og ríka mannúðarstefnu eins og t.d. er á Lundi á Hellu og Árbliki á Selfossi sem ég þekki vel til af eigin reynslu sem er dagvistunarheimili fyrir eldra fólk. Sami starfsandinn, mannúðin, gleði og kærleikur sem er til fyrirmyndar. Hvað gaman yrði að ganga til kosninga Alþingis ef svo væri, þá vissi maður hvað biði manns.

Ingibjörg Kristjánsdóttir

Lovísa Þriðja best í nemakeppni Kornax



Eftir jafna og spennandi keppni landaði Selfyssingurinn Lovísa Þórey Björgvinsdóttir 3. sæti í hinni árlegu Nemakeppni Kornax sem haldin var föstudaginn 13. október sl.

Kornax stóð fyrir keppninni í samvinnu við bakaradeild

Hótel- og matvælskólans í MK, Landssamband bakameistara og Klúbb bakameistara. Þátttaka í keppni af þessu tagi er einstakt tækifæri til að auka við faglega færni og öðlast dýrmæta reynslu sem mun nýtast mjög vel í verkefnum eins og verklegu lokaprófi og sveinsprófi. Vínarbrauð, stór brauð, smábrauð, blautdeig og skrautdeig var meðal þess sem keppt var í.

Í frétt frá Lífandi segir að afurðir keppenda hafi verið glæsilegar og bakarastéttinni til mikils sóma og að þeir bakameistarar sem hafi átt nema í keppninni geti verið stoltir af fulltrúum sínum.

HGL

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi aðalskipulagsbreytinga:

- Þjóðgarðurinn á Þingvöllum; Stækkun á Vp2, Valhallarstígur Nyrðri 8 úr F í Vp, vatnsból á VB3; Breyting á aðalskipulagi - 2309040**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 27. sept. 2023 að kynna lýsingu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 innan marka þjóðgarðsins á Þingvöllum. Í breytingunni felst m.a. breytt lega Vp2 vegna áætlana um nýjar þjónustumiðstöðvar innan svæðisins. Skilgreind eru ný vatnsból ásamt vatnsverandarsvæðum. Skilgreint er verslunar- og þjónustusvæði með hringtákn á lóð Valhallarstígs nyrðri 8.
- Brúarlöð L234128; Verslunar- og þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2306093**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 27. sept. 2023 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Brúarlöða í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst skilgreining á verslunar- og þjónustusvæði við Brúarlöð, sunnan Skeiða- og Hrunamannavegar. Breytingin tekur til um 4 ha svæðis sem er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Við Brúarlöð er bílastæði þar sem ferðamenn stoppa og skoða gljúfur Hvítár og frá því liggur stígur að gljúfrinu. Landeigandi vill byggja upp þjónustu á staðnum og leggja fleiri og betri gönguleiðir um svæðið. Dregið hefur verið úr umfangi mannvirkja og stærð svæðis m.v. hugmyndir sem settar voru fram í skipulags- og matslýsingu, hætt er við gistingu og þjónustuhús minnkað.
- Útey 1 L167647; Frístundasvæði F32 og F37 stækka; Aðalskipulagsbreyting - 2306076**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. okt. 2023 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til uppbyggingar í landi Úteyjar 1. Frístundasvæði F32 og F37 verða stækkuð og afmörkun þeirra breytist. Þá verða sett inn tvö verslunar- og þjónustusvæði fyrir ferðaþjónustu. Samhliða verða felld út tvö efnistökusvæði. Í deiliskipulagi verður gerð nánari grein fyrir uppbyggingu m.a. lóðaskipan, byggingarskilmálum og öðrum ákvæðum í samræmi við breytt aðalskipulag.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlana:

- Minni-Borg golfvöllur íþ5 og Landbúnaðarsvæði L3; Breytt landnotkun, nýtt íþróttasvæði og verslunar- og þjónustusvæði við Borg; Aðalskipulagsbreyting - 2303019**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. sept. 2023 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar vegna breyttrar landnotkunar á svæði sunnan þjóðveggar við þéttbýlið að Borg í Grímsnesi eftir kynningu. Breytingin tekur til skilgreiningar á verslunar- og þjónustusvæði innan núverandi golfvallarsvæðis þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir gistingu auk annarrar þjónustu við notendur golfvallarins. Að auki er skilgreint nýtt íþróttasvæði syðst á svæðinu sem tekur til uppbyggingar á hesthúsasvæði og aðstöðu fyrir hestaíþróttir.
- Eyvindartunga L167632; Stækkun Lönguhlíðarnámu E19; Aðalskipulagsbreyting - 2103067**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. okt. 2023 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til stækkunar á Lönguhlíðarnámu E19 í landi Eyvindartunga. Í breytingunni felst að náman stækkar úr 2 ha í 4,95 ha og efnismagn úr 50.000 m³ í 149.500 m³.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytinga:

- Oddsholt F50; Skilgreining byggingarskilmála; Deiliskipulagsbreyting - 2309085**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. okt. 2023 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til frístundasvæðis Oddsholts F50. Í breytingunni felst að skilgreindar eru byggingarheimildir fyrir svæðið.
- Hallkelshólar F55; Skilgreining byggingarskilmála; Deiliskipulagsbreyting - 2309084**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. okt. 2023 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til frístundasvæðis að Hallkelshólum F55. Í breytingunni felst að skilgreindar eru byggingarheimildir fyrir svæðið.
- Hvítárbraut 9 L169724; Breyttir byggingarskilmálar; Deiliskipulagsbreyting - 2309027**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. okt. 2023 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til deiliskipulags að Hvítárbraut 7-21. Í breytingunni felst að heimilt verði að reisa frístundahús, gestahús og smáhýsi á lóðinni.
- Skálabrekka-Eystri L224848; Grjótnes- og Hellunesgata, landbúnaðarlóðir; Deiliskipulag - 2210051**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 27. sept. 2023 að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til landbúnaðarlóða í landi Skálabrekku-Eystri. Í deiliskipulaginu er gert er ráð fyrir 17 landbúnaðarlóðum á um 75 ha svæði. Stærðir lóða eru frá 30.488 m² til 45.733 m². Innan lóða er gert ráð fyrir heimild til að reisa eitt íbúðarhús ásamt aukahúsi á lóð innan nýtingarhlutfalls 0,03.
- Eyvindartunga L167632; Langahlíð E19; Efnisnáma; Deiliskipulag - 2103066**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. okt. 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags er varðar deiliskipulag Lönguhlíðarnámu, merkt E19 á aðalskipulagi Bláskógabyggðar, eftir auglýsingu. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi vegna skilgreiningar námunnar. Umsagnir bárust á auglýsingatíma tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.blaskogabyggd.is, www.gogg.is og www.fludir.is.

Mál 1-3 innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 19. október 2023 með athugasemdafrest til og með 10. nóvember 2023.

Mál 4-10 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 19. október 2023 með athugasemdafrest til og með 1. desember 2023.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is

Vígús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi UTU

HSU hlýtur 11 milljón króna styrk

Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefur hlotið 11 milljón króna styrk úr Fléttunni – styrkir til innleiðingar nýsköpunar í heilbrigðisþjónustu, til að innleiða Leviosa sjúkraskrárlausn á stofnuninni þ.e. bráðamóttöku, sjúkrahúsum og heilsugæslu og færir starfsfólki nútímalegt skjáborð og skráningarviðmót sem getur stýtt verulega skjátíma starfsfólks og þannig haft mikil hagræðingaráhrif en á sama tíma bætt þjónustu við sjúklinga og dregið úr álagi starfsfólks.

Óheyrilega miklum tíma heilbrigðisstarfsfólks er í dag varið við tölvuskjá (skv. HR-könnun: 50-70% af tíma lækna og hjúkrunarfræðinga) og hefur áhrif á biðtíma og þjónustu við sjúklinga auk þess að vera einn stærsti orsakavaldur kulnunar starfsfólks. Mestum tölvutíma er varið við sjúkraskrárkerfi sem eru frá seinustu öld og hafa ekki þróast í takt við nútímann.

Leviosa er ný sjúkraskrárlausn í þróun síðan 2020, stofnuð af m.a. lækni og er unnin í náinni samvinnu við heilbrigðisstarfsfólk. Þessi nálgun er í anda nýsköpunar þar sem lausnin verður til þar sem þekkingin er mest (“valdefling starfsfólks”). Leviosa er sniðið að þörfum starfseminnar og með þessa kjarnaþekkingu innan handar er hægt að þróa mun hraðar og ódýrar en eldri kerfi

Opnar á nýja möguleika fyrir fjarvinnu

Leviosa er í skýinu og keyrir í vafra og því hægt að opna á



hvaða tölvu eða snjalltæki sem er, hvar sem notandi er staddur. Þetta eitt og sér opnar á leiðir sem hafa ekki verið færar áður t.d. skráningarvinna við hlið sjúklings og vistun á myndum (t.d. af útbrotum eða sárnum) sem áður var flókið að gera með borðtölvu. Vafralesun opnar á nýja möguleika fyrir fjarvinnu t.d. gagnaskráningu heiman frá (t.d. að sjúklingur geti svarað spurningalista fyrir eða eftir viðtal læknis), fjarráðgjöf bakvaktar fyrir næturvaktarlækni eða fjarsímtöl við sjúklinga. Starfsemi HSU nær yfir 31.000 km² svæði og auðvelt aðgengi vafralesunar því afar verðmætt.

Styttir skráningarvinnutíma um 46%

Með innleiðingu Leviosa fær starfsfólk öflugt skjáborð fyrir straumlínulagaða yfirsýn sjúklinga á deildum og nútímalegt skráningarviðmót til að gera sjúkraskrárnótur og tengd atriði (t.d. beiðnir, rannsóknar-

pantanir, lyfseðlar) með mun meiri afköstum. Leviosa hefur reynst stytta tíma skráningarvinnu um 46% og hefur því talsverð umbótaáhrif á stofnun þar sem skráningarvinna er mikil. Til dæmis eru gerðir 500 lyfseðlar daglega á HSU en Leviosa stýttir lyfseðlagerð um 2mín eða 6.000klst árlega. Áætlað er að lausnin verði innleidd á um 4 mánaða tímabili og að í lok þess sé búið að prófa Leviosa þ.a. sé tilbúið fyrir notkun í raunumhverfi. Frumútreikningar hafa sýnt fram á möguleika á að spara gríðarlega mikið árlega með minnkuðum skjátíma. Tíma sem sparast má nýta til að þjónustu sjúklinga betur, draga úr mistökum, bæta líðan starfsfólks og stytta biðlista. Þegar streita og álag minnkar er hægt að nota tímann til að þjónusta sjúklinga betur og af meiri alúð. Það fækkar mistökum og eykur ánægju bæði starfsmanns og sjúklings.

Baráttufundur um laun fyrir lífi ungra bænda

Samtök ungra bænda blása til baráttufundar fyrir lífi sínu og íslenskra sveita í Salnum, Kópavogi, nk. fimmtudag, 26. október. Á fundinum leggja átta ungir bændur orð í belg ásamt þremur gestafyrirlesurum. Fundinum verður streymt og eru nánari upplýsingar um hann í auglýsingu hér í blaðinu. Vonast er eftir nærveru og þátttöku þingmanna og ráðherra sem öllum verður boðið á svið til þátttöku í umræðum ásamt erindisflytjendum og gestum í sal.

Steinþór Logi Arnarsson, formaður Samtaka ungra bænda, segist vongóður um að fundurinn verði bæði skemmtilegur og baráttuglaður. Markmiðið sé að troðfylla Salinn og halda þannig fund að stjórnmöld opni augun, leggi við hlustir og skilji í senn þann fellingarmátt sem hamlar allri nýliðun í bændastétt og þau miklu tækifæri sem blasa við með nýjum kröfum á heimsmarkaði.

Formaður Samtaka ungra bænda, Steinþór Logi Arnarsson, sagðist aðspurður sannfærður um að fundurinn yrði hinn líflegsti. Vildi hann sérstaklega minna á að honum verður streymt á Fésbókarsíðunni ungir bændur. Hinum sem skryppu í Kópavoginn yrði að minnsta kosti boðið upp á kaffi og kleinur!

Þau sem flytja erindi á fundinum eru í stafrófsröð: Axel Sæland, formaður garðyrkju-deildar BÍ, garðyrkju- og blóma-bóndi, Ingibjörg Davíðsdóttir, sendiherra og aflvaki íslensks fæðuklasa, Ísak Jökulsson, í stjórn SUB, bóndi á Ósabakka, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Jón Helgi Helgason, kartöflubóndi á Þórustöðum, Eyjafirði, Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði, Ragnar Árnason, hagræðingur, Sigríður Ólafsdóttir, bóndi og ráðunautur, Víðidal-



Steinþór Logi Arnarsson, formaður Samtaka ungra bænda.

tungu, V-Húnavatnssýslu, Stefán Geirsson, bóndi í Gerðum, Flóahreppi, Steinþór Logi Arnarsson, formaður Samtaka ungra bænda, bóndi í Stórholti, Dölum, Þórólfur Ómar Óskarsson, kúabóndi í Grænuhlíð, Eyjafirði, Þuríður Lillý Sigurðardóttir, sauðfjárbóndi á Sléttu, Reyðarfirði. Fundarstjóri verður Bjarni Rúnarsson, bóndi á Reykjum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

HREINSITÆKNI
Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun
Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

BRÁÐ AF VINÁTTU!
BYKO Selfossi

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is